

Sþ. 189. **Tillaga til þingsályktunar** [151. mál]
um viðgerðaðþjónustu sjónvarps.

Fln.: Jónas Árnason.

Alþingi ályktar að skora á menntamálaráðherra að hlutast til um, að Sjónvarpsdeild Ríkisútvarpsins skipuleggi viðgerðaðþjónustu úti um landsbyggðina.

Greinargerð.

Þegar starfsemi íslenska sjónvarpsins hófst, voru haldin námskeið, þar sem útvarpsvirkjum gafst kostur á að læra sjónvarpsviðgerðir. Þetta var þörf ráðstöfun. Hins vegar hefur ekki orðið neitt áframhald á þessu, og útvarpsvirkjar þeir, sem þátt tóku í þessum námskeiðum, starfa nær allir á Reykjavíkursvæðinu. Annars staðar eru þeir óviða tiltækir, þegar bilanir verða á viðtækjum. Jafnvel þó að þær séu aðeins smávægilegar, eiga sjónvarpsnotendur úti á landsbyggðinni yfirleitt einkis annars vól en að senda þau — oft langar leiðir með ærnum kostnaði — til Reykjavíkur eða á einhvern annan þeirra sárafaú staða, þar sem starfandi eru sjónvarpsviðgerðamenn.

Úr þessu verður að bæta. Ein leiðin til þess gæti verið sú að gera út bíla, sem færu reglubundnar ferðir um landið með nauðsynleg tæki til sjónvarpsviðgerða og menn, sem til slíkra verka kunna. Sjálfsagt er líka, að aftur verði upp tekið það námskeiðahald, sem efnt var til á fyrsta skeiði sjónvarpsins. Sömuleiðis ætti að gefa fólki kost á aðgengilegum leiðbeiningaúitum um sjónvarpsviðtæki. Þessi tæki eru svo flókin, að öllum almenningi er ofviða að ráða í leyndardóma þeirra, og margir eiga jafnvel í erfiðleikum með að finna á þeim þær stillingar, sem réttastar eru og tryggja bezt móttökuskilyrði.

Tillagan gerir ráð fyrir, að Sjónvarpsdeild Ríkisútvarpsins skipuleggi þessa þjónustu. Þeirri stofnun er málið skyldast.